

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2010

frá 11. júní 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2009 frá 24. apríl 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB frá 13. júlí 2009 um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB frá 13. júlí 2009 um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB frá 13. júlí 2009 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (kerfisbundin útgáfa) ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/62/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/94/EBE ⁽⁵⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/79/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/32/EBE ⁽⁶⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/80/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 93/29/EBE ⁽⁷⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 29.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 311, 14.12.1993, bls. 83.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 188, 29.7.1993, bls. 28.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 188, 29.7.1993, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 45i. (tilskipun ráðsins 93/29/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0080**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB frá 13. júlí 2009 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 16).“

2. Texti liðar 45l (tilskipun ráðsins 93/32/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0079**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB frá 13. júlí 2009 um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 29).“

3. Texti liðar 45q (tilskipun ráðsins 93/94/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0062**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB frá 13. júlí 2009 um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/62/EB, 2009/79/EB og 2009/80/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður